

3

8. febr.

AUGLÝSING

um reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kennslumálaráðuneytisins hefir Hans hátígn konunginum í dag allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfarandi reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

REGLUGERÐ

fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

I. KAFLI

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Skólinn heitir Menntaskólinn í Reykjavík.

2. gr.

Skólinn skiptist í tvær aðaldeildir, gagnfræðadeild og lærdómsdeild. Í gagnfræðadeild eru tveir ársbækkir, en fjórir í lærdómsdeild. Þrír efstu bækkir lærdómsdeildar skiptast aftur í tvær deildir, máladeild, og er aðaláherzlan þar lögð á kennslu í málum, og stærðfræðideild, en þar er aðaláherzlan lögð á kennslu í stærðfræði og eðlisfræði.

3. gr.

Gagnfræðadeildin veitir nemendum sínum fræðslu við ungmenna hæfi og býr þá undir nám í lærdómsdeild. Lærdómsdeildin veitir nemendum framhaldsfræðslu og býr þá undir háskólanám.

4. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur og karla.

II. KAFLI

Almenn inntökuskilyrði.

5. gr.

Rektor úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

6. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að þeir, sem teknir eru í fyrra bekk gagnfræðadeildar, séu ekki yngri en fullra 13 ára, en þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk lærdómsdeildar, ekki yngri en fullra 15 ára;

2. að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi, sem orðið geti öðr- 3
um nemendum skaðvænn;
3. að siðferði þeirra sé óspillt. 8. febr.

III. KAFLI

Um inntöku í gagnfræðadeild.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í fyrra bekk gagnfræðadeildar, verður nemandi að ganga undir próf, er sýni, að hann hafi þann þroska og þá kunnáttu, sem hér segir:

1. Í munnlegri íslenzku:

Nemandinn verður að geta lesið viðstöðulaust og áheyrilega í heyranda hljóði venjulegt íslenzkt mál, bundið og óbundið. — Ennfremur skal hann reyndur í hljóðlestri, og á hann að sýna með því lestrarhraða, skilning og minni á það, sem lesið er. — Nemandinn verður að þekkja algeng málfræðihugtök og kunna meginatriði íslenzkrar beygingafræði.

2. Í skriflegri íslenzku:

Nemandinn verður að geta skrifað stuttan stíl um kunnugt efni, með skilmerkilegu orðfæri, ritvillulítið og svo, að helztu greinarmerki séu rétt sett.

3. Í skrift:

Nemandinn verður að geta skrifað læsilega og hreinlega snarhönd með sæmilegum skriftarhraða.

4. Í reikningi:

Nemandinn skal kunna rækilega fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum) og hafa leikni í að nota þær.

5. Í dönsku:

Nemandinn skal hafa lesið til prófsins eigi minna en 150 bls. í 8 bl. broti, og geta lesið það með sæmilegum framburði og snúið því á íslenzku. Enn fremur á hann að geta snúið auðveldum setningum úr íslenzku á dönsku.

6. Nemandinn skal hafa numið stutt ágríp af sögu Íslendinga og vita deili á höfuðatburðum mannkynssögunnar.

7. Nemandinn á að hafa numið lýsingu Íslands og stutt ágríp af almennri landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

8. Nemandinn á að þekkja og kunna að lýsa algengustu nytjadýrum og nytja-plöntum, fyrst og fremst íslenzkum.

8. gr.

Við inntökupróf ber að taka langmest tillit til íslenzku og reiknings, enda skal prófið vera tvöfalt, bæði munnlegt og skriflegt, í þessum greinum. Í öðrum

3 greinum er prófið aðeins einfalt, annaðhvort munnlegt eða skriflegt. Auk 8. febr. prófa í þeim greinum, sem hér hafa nefndar verið, má einnig hafa sérstakt próf, er sýni þroska og athyglisgáfu nemenda, og getur þá skólastjórn fellt niður í þess stað próf í mannkynssögu, almennri landafræði og náttúrufræði.

9. gr.

Til þess að verða tekinn í II. bekk gagnfræðadeildar, verður nemandi að standast próf í því, sem heimtað er til inntöku í I. bekk, og því, sem lesið er í bekknum.

IV. KAFLI

Um kennslu í gagnfræðadeild.

10. gr.

Í gagnfræðadeild skal kenna: Íslenzku, dönsku, ensku, reikning og stærðfræði, sögu, náttúrufræði, landafræði, eðlisfræði, teiknun og leikfimi.

11. gr.

Skipta skal námsgreinum á milli bekkja sem næst því, er hér segir:

| | i I. b. | i II. b. |
|--------------------------------|----------------|----------|
| Íslenzka | 5 st. | 4 st. |
| Danska | 4 — | 4 — |
| Enska | 5 — | 5 — |
| Reikningur og stærðfræði | 5 — | 5 — |
| Saga | 3 — | 3 — |
| Náttúrufræði | 4 — | 4 — |
| Landafræði | 4 — | 2 — |
| Eðlisfræði | 0 — | 3 — |
| Teiknun | 2 — | 2 — |
| Leikfimi | 3 — | 3 — |
| | Samtals 35 st. | 35 st. |

12. gr.

Námsefni og markmið kennslu skal vera, sem hér segir:

1. Í íslenzku: Nemendur skulu lesa, með rækilegum skýringum orða og efnis, valda kafla úr íslenzkum bókmenntum frá 1800 og til vorra daga. Efnisvali skal haga þannig, að nemendur kynnist sem flestum stíltegundum málsins. Í málfræði skulu þeir læra að þekkja orðflokkana og kunna beygingu orða. Þeir skulu og læra helztu undirstöðuatriði íslenzkrar hljóðfræði, hljóðbreytingar og orðskipun, svo að þeir geti greint einfaldar setningar og setningarhluta. Einnig skulu nemendur vandir við að finna skyldleika orða og uppruna þeirra. Í málfræðikennslu skal leggja áherslu á þau atriði, sem máli skipta fyrir framhaldsnám. Nemendur skulu geta skrifað ljóst, skipulega og á vönduðu máli um auðvelt efni, þannig að lestrarmerki séu rétt

sett og stafsetning í góðu lagi. Loks skulu nemendur vandir við að lesa islenskt mál skýrt og skipulega eftir efni og blæ.

3
8. febr.

2. **Í dönsku:** Nemendur skulu geta lesið danskt nútíðarmál með sæmilegum framburði, geta snúið lesnum kafla úr því á íslenzku, sagt frá efni hans á dönsku og svarað spurningum, sem að því lúta. Þeir skulu geta lesið hæfilega auðveldan kafla ólesinn og snúið honum á íslenzku og hafa nokkra leikni í því að rita málið. Ágrip danskrar málfræði skulu þeir nema.
3. **Í ensku:** Nemendur skulu geta lesið málið með sæmilegum framburði, snúið kafla af áður lesnu máli úr ensku á íslenzku, sagt frá efni hans á ensku og svarað spurningum, sem að því lúta. Þeir skulu geta lesið hæfilega auðveldan ólesinn kafla og snúið honum á íslenzku. Þeir skulu og hafa numið aðalatriði enskrar málfræði og geta gert auðveldan stíl villulítið.
4. **Í stærðfræði:**
 - a. Í algebru: Nemendur skulu læra þriliðu og notkun hennar við algengan reikning, fyrstastigsjöfnur með einni og fleiri en einni óþekktri stærð, svo og útreikning einfaldra flatarmála og rúmmála. Einnig skulu nemendur læra að draga út kvaðratrætur af heilum tölum og tugabrotum. Loks skulu þeir læra um notkun bókstafa í stað talna við úrlausnir einfaldra verkefna.
 - b. Í geometríu: Nemendur skulu læra um nokkra helztu eiginleika einfaldra flatarmynda og rúmmynda og að beita þeim reglum, sem þeir hafa numið, við einfaldar konstruktionir og útreikninga. Skal aðallega kennt með léttum dæmum, er þó skulu þannig valin, að þau gefi greinilega hugmynd um, hvernig geometrískri sönnun er háttað.
5. **Í sögu:** Nemendur skulu fá yfirlit yfir aðalatriði mannkynssögunnar, einkum þá þætti hennar, er snerta menningu og framfarir, bæði í andlegum og verklegum eignum.
6. **Í náttúrufræði:** Nemendur skulu fá glögg yfirlit yfir niðurskipun plantna og dýra. Þeir skulu þekkja og geta lýst helztu tegundum þeirra, einkum íslenzkum, og kunna að ákvarða íslenzkar plöntur og safna þeim. Þeir skulu vita í höfuðdráttum um gerð og starf sellna, vefja og líffæra, og skal áherzla lögð á það, að þeir fái skilning á samræmi milli líkamsgerðar og lífskjara og geti dregið réttar ályktanir um þróun. Ennfremur skulu þeir kunna höfuðatriðin í líkamsfræði mannsins og heilsufræði. Loks skal, ef tími vinnst til, kenna nemendum yfirlit yfir sköpunarsögu Íslands.
7. **Í landafræði:** Nemendur skulu fá ljóst yfirlit yfir landaskipun á jörðinni og aðalatriði landafræðinnar, einkum Íslands og nágrannalanda þess. Þeir skulu vera leiknir í að rekja helztu orsakasambönd, er landafræðin fjallar um, kunna nokkur skil á eðli lofts og sjávar, þekkja helztu auðlindir, framleiðslustöðvar og samgönguleiðir. Þeir skulu læra að nota landabréf og að draga einfaldar myndir af löndum. Enn fremur skulu þeir nema einföldustu frumatriði stjórnufræðinnar og fá glögga hugmynd um stöðu jarðar í sólkerfinu.

- 3 8. **Í eðlisfræði:** Nemendur skulu nema nokkur höfuðatriði eðlisfræðinnar.
8. febr. Þeir skulu og venjast tilraunum í sambandi við kennsluna, eftir því sem við verður komið.
9. **Í teiknun:** Nemendur skulu æfðir í að gera myndir eftir einföldum fyrirmyndum, með réttum hlutföllum, skuggum og litum.
10. **Í leikfimi:** Nemendur skulu stunda líkamsæfingar, sniðnar eftir aldri og þroska þeirra, og geta sýnt undir stjórn kennara, að þeir kunni slíkar æfingar. Sbr. að öðru leyti 27. gr. 15. lið.

13. gr.

Gæta skal þess við kennsluna í öllum greinum, að eigi sé minni áherzla lögð á að örva og þroska athygli og skilning nemenda en hitt, að auka þekkingarforða þeirra.

V. KAFLI

Um próf í gagnfræðadeild.

14. gr.

Auk inntökuprófs skal haldið árspróf, að afloknu námi fyrra vetrar, og burtfararpróf, sem nefnist gagnfræðapróf, að afloknu námi síðara vetrar.

15. gr.

Ársprófið á að sýna, hvort nemandi hafi öðlazzt þá þekkingu og þann þroska, að honum sé fært að halda áfram námi í 2. bekk. Ársprófi þessu skal haga á sama hátt og ársprófum í lærdómsdeild, sbr. VIII. kafla I.

16. gr.

Gagnfræðapróf á að sýna, hvort nemandi hafi öðlazzt þá þekkingu og þann þroska, sem sanngjarnt er að heimta, samkvæmt námsefni (pensum) því, sem farið hefir verið yfir í deildinni, sbr. 12. gr.

17. gr.

Við gagnfræðapróf skal prófa í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru í deildinni. Þó getur skólástjórn veitt nemanda undanþágu frá prófi í teiknun og leikfimi, enda séu til þess gildar ástæður.

Kennarar skólans geta, með samþykki skólástjórnar, leyft nemendum að sleppa til prófsins köflum úr því, sem lesið hefir verið, einkum því, sem nemandi hefir lokið ársprófi í.

18. gr.

Kennarar skólans prófa, en stjórnarráðið kveður til prófdómara að dæma með þeim um frammistöðuna við gagnfræðapróf. Prófdómarar taka til verk- efni í skriflegu prófi í samráði við kennara. Í munnlegu prófi taka kennarar til

verkefni í samráði við prófdómara. Prófdómarar skulu og hafa eftirlit með 3
skriflegu prófi, ásamt kennurum. 8. febr.

19. gr.

Prófum skal svo haga, að í íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði skal vera tvöfalt próf; í íslenzku bæði í því, sem lesið hefir verið og í ritgerð; í dönsku, ensku og stærðfræði bæði í lesnu og ólesnu. Í öðrum greinum skal prófið vera einfalt; verklegt í teiknun og leikfimi. Í þeim greinum, sem tvöfalt próf er í, skal prófið alltaf vera skriflegt að öðrum þræði. Að öðru leyti úrskurðar skólastjórn eigi síðar en um miðjan vetur, í hverjum greinum vera skuli munnlegt próf og í hverjum skriflegt. Skólastjórn er heimilt að láta falla niður próf í teiknun, enda séu í þess stað lagðar fram fyrir prófdómara teikningar nemenda.

20. gr.

Til þess að standast gagnfræðapróf, verður nemandi að fá 5,00 eða meira í fullnaðareinkunn. (Sjá nánar um einkunnir og útreikning þeirra í 57. og 58. gr.)

21. gr.

Þeir nemendur, sem gagnfræðaprófi ljúka, skulu fá um það prófskirteini, er sýni einkunnir þeirra, sbr. 59. gr.

VI. KAFLI

Um inntöku í lærdómsdeild.

22. gr.

Til þess að verða tekinn í 1. bekk lærdómsdeildar, verður nemandi, auk þess að uppfylla almenn inntökuskilyrði, sbr. 6. gr., að hafa staðizt gagnfræðapróf skólans.

23. gr.

Ef fleiri nemendur sækja um inntöku í lærdómsdeild en unnt er að taka, skulu einkunnir ráða.

24. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekk lærdómsdeildar, verður nemandi að hafa staðizt gagnfræðapróf og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, sem hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, sem skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið allt það, sem kennt er í þeim bekkjum skólans, sem hann kann að hafa hlaupið yfir.

VII. KAFLI

Um kennslu í lærdómsdeild.

25. gr.

Í lærdómsdeild skal kenna: Íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu, trúarbrögð, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, bókfærslu, teiknun, leikfimi og söng.

26. gr.

Skipta skal námsgreinum á milli bekkja sem næst því, er hér segir:

| | 1. b. | 2. b. | 2. b. | 3. b. | 3. b. | 4. b. | 4. b. |
|------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|
| | málad. | stfrd. | málad. | stfrd. | málad. | stfrd. | málad. |
| | st. | st. | st. | st. | st. | st. | st. |
| Íslenzka | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Danska | 3 | 3 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Enska | 4 | 4 | 4 | 4 | 0 | 5 | 0 |
| Þýzka | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 |
| Franska | 0 | 0 | 0 | 6 | 5 | 6 | 5 |
| Latína | 0 | 6 | 4 | 6 | 0 | 7 | 0 |
| Saga | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 0 |
| Trúarbrögð | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Náttúrufræði | 0 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 4 |
| Eðlis- og efnafr. | 4 | 3 | 4 | 0 | 6 | 0 | 7 |
| Stærðfræði | 4 | 3 | 4 | 3 | 6 | 0 | 7 |
| Stjörnufræði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Bókfærsla | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Teiknun | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Leikfimi | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Söngur | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Samtals | 35 | 35 | 35 | 35 | 35 | 35 | 35 |

27. gr.

Námsefni og markmið kennslu skal vera sem hér segir:

1. **Í íslenzku:** Í máladeild og stærðfræðideild: Nemendur skulu öðlast glöggan skilning og ýtarlega þekkingu á sem flestum greinum íslenzkrar tungu og þróun hennar frá landnámsöld. Þeir skulu geta notað hana lýtalaust, bæði í ræðu og riti. Þeir skulu nema allýtarlega íslenzka málfræði: hljóðfræði, beygingafræði og setningafræði, ásamt ágripi af orðmyndunarfræði. Taka skal tillit til forn máls og mið máls, og hafa hliðsjón af skyldum málum, einkum þeim germönsku.

Nemendur skulu lesa vandlega úrval íslenzkra bókmennta í bundnu máli og óbundnu, og skal einkum lögð áherzla á gullaldarbókmenntirnar

fornu og bókmenntir eftir 1800. Kosta skal kapps um, að nemendur kynnist sem flestum tegundum ritaðs máls. Til þess að ná því marki, skal einnig láta nemendur hraðlesa langa kafla eða heil rit, og skal þá sérstaklega vekja athygli þeirra á efni þess, sem lesið er, og meðferð höfundanna á því.

3
8. febr.

Ritgerðir skulu gerðar svo oft, sem þurfa þykir til þess, að nemendur verði sæmilega ritfærir, og skulu þær vera um efni við hæfi nemenda, þar á meðal þýðingar úr erlendum málum.

Heimilt er skólastjórn að fá valda menn utan skólans til að leiðbeina nemendum um bókmenntir, stílagarð og upplestur.

2. **Danska:** Í máladeild og stærðfræðideild: Nemendur skulu læra að lesa málið með góðum framburði og tala það og rita sæmilega. Þeir skulu lesa svo mikið af dönsku máli, óbundnu og bundnu, aðallega nútíðarmáli, að þeir verði vel læsir á nútíðarbókmenntir Dana. Þeir skulu kynnst ýmsum tegundum ritaðs máls, svo að þeir geti orðið læsir á algengar danskar fræðibækur. Jafnframt skulu þeir fræðast um merkustu rithöfunda Dana á seinni tímum. Málfræði skulu þeir læra nokkru ýtarlegri en í gagnfræðadeild. Skriflegar æfingar skulu þeir gera svo margar, að þeir geti villulítið snúið úr íslenzku á dönsku stuttum kafla, hæfilega þungum, og samið stutta ritgerð á dönsku almenns efnis.

Gefa skal nemendum kost á að kynnst norsku og sænsku nútíðarmáli, eftir því sem tími vinnst til.

3. **Enska:**

- a. Í máladeild: Nemendur skulu hafa lesið svo mikið af ýmislegu ensku máli, einkum óbundnu nútíðarmáli, að þeir séu sæmilega læsir á ensku. Þeir skulu og nema góðan framburð og meginatriði enskrar málfræði. Talæfingar og endursagnir skulu þeir hafa eftir þörfum og einn stíl eða ritgerð á viku í hverjum bekk. Síðasta árið skulu þeir lesa eitthvert eitt enskt rit undir umsjón kennarans.

- b. Í stærðfræðideild: Nemendur skulu lesa svo mikið af venjulegu ensku nútíðarmáli, aðallega óbundnu máli, að þeir geti kallast sæmilega læsir á ensku. Þeir skulu og nema góðan framburð og helztu atriði enskrar málfræði. Talæfingar, endursagnir og stíla skulu þeir hafa eftir því, sem við verður komið.

4. **Þýzka:** Í máladeild og stærðfræðideild: Nemendur skulu lesa svo mikið af ýmislegu þýzku máli, óbundnu og bundnu, að þeir verði sæmilega læsir á almennt nútíðarmál. Þeir skulu læra góðan framburð og aðalatriði þýzkrar málfræði. Ennfremur skal hafa talæfingar, endursagnir eða annað því líkt, eftir því, sem tími vinnst til.

Nemendur skulu gera skriflegar æfingar öðru hvoru, einkum til styrktar málfræðináminu, en þó einnig almenns eðlis. Auk þess má, einkum í máladeild, láta nemendur gera nokkrar léttar ritgerðir, annaðhvort heima eða í kennslustundum með orðabók.

5. **Franska:** Í máladeild og stærðfræðideild: Nemendur skulu læra góðan

3
8. febr.

framburð á málinu og meginatriði franskrar málfræði. Þeir skulu lesa svo mikið í frönsku máli, að þeir verði sæmilega læsir á franskar bækur almenns efnis. Svo skal og hafa nokkrar æfingar í kennslustundum, munnlegar eða skriflegar, eftir því, sem tími vinnst til.

6. **Latína:**

a. Í máladeild: Nemendur skulu lesa svo mikið, einkum af óbundnu máli latnesku, aðallega gullaldarmáli, að þeir geti skilið auðveld rit latnesk í óbundnu máli. Skulu þeir ná festu í beygingafræði og læra helztu atriði setningafræðinnar. Einnig skulu þeir vandir við að finna skyldleika latneskra orðstofna og orða eða orðstofna í nýju málunum.

Nemendur skulu gera skriflegar æfingar öðru hvoru til styrktar málfræðináminu, og í 4. bekk má verja til þess 1 stund á viku hverri.

b. Í stærðfræðideild: Nemendur skulu læra vel beygingafræðina og kynnst helztu frumgreinum setningafræðinnar. Til styrktar málfræðináminu skulu þeir lesa eins mikið í óbundnu máli latnesku og tími vinnst til. Nemendum skal bent á latneska orðstofna í nýju málunum, einkum í fræðiorðum, eftir því sem tök eru á.

Til stuðnings málfræðináminu má hafa skriflegar æfingar öðru hvoru.

7. **Saga og félagsfræði:** Í máladeild og stærðfræðideild: Nemendur skulu fá ljóst yfirlit yfir sögu íslenzku þjóðarinnar frá elztu tímum í sambandi við almenna sögu. Þeir skulu og nema almenna mannkynssögu, allmiklu ýtarlegri en í gagnfræðadeild. Einkum skal lögð áherzla á, að þeir fái glöggan skilning á andlegri, efnalegri og félagslegri þróun og geti rakið helztu söguleg orsakasambönd. Jafnframt skulu þeir kynnst merkustu viðburðum og mönnum, sem dýpst spor hafa markað í sögunni. Bæði í Íslands sögu og almennri sögu skal einkum lögð áherzla á tímabilið frá miðri 18. öld til vorra daga. Í félagsfræði skulu nemendur fá yfirlit yfir stjórnarskipun Íslands, stjórn sveita og bæja og skipulag atvinnumála, fjármála og félagsmála. Auk þess skulu þeir, eftir því sem tími vinnst til, kynnst stjórnarskipun ýmissa annara menningarríkja.
8. **Trúarbrögð:** Nemendur skulu kynnst helztu trúarbrögðum og þróun þeirra, með sérstöku tilliti til kristinnar. Jafnframt skulu þeir nema stutt ágríp af kirkjusögu og fá nokkra þekkingu á helztu nútímastefnum innan kristinnar.
9. **Náttúrufræði:** Í máladeild og stærðfræðideild: Nemendur skulu kynnst merkustu lögmálum og fyrirbrigðum náttúrunnar og fá skilning á gildi náttúruvísindanna fyrir atvinnuhætti manna og líf. Þeir skulu nema ágríp af: 1) jarðfræði, einkum almennri jarðfræði, svo og 2) eðlislýsingu lofts og sjávar, hvorttveggja með sérstöku tilliti til Íslands, 3) lífeðlisfræði, með tilliti til heilsufræði, 4) almennri líffræði og 5) sögu náttúruvísindanna.

Við kennsluna skal áherzla lögð á það, að glæða athyglisgáfu nemendanna og kynna þeim helztu visindaleg rannsóknartæki og rannsóknaraðferðir. Í því skyni skal gefa þeim verkefni til sjálfstæðrar athugunar undir handleiðslu kennarans, einkum í stærðfræðideild, og fara stuttar rannsóknarferðir, eftir því sem föng eru á. Nota skal við kennsluna myndir, smásjár og náttúrugripi, helzt þá, sem nemendur safna sjálfir.

10. Eðlisfræði og efnafræði:

a. Í máladeild: Nemendur skulu fá nokkra þekkingu á ýmsum helztu lög-málum eðlisfræði, einkum þeim, er styðja náttúrufræðinám.

I. Efnafræði: Nemendur skulu læra um atóm og molekul og verða leiknir í að nota táknmál efnafræðinnar um einfaldar efnabreytingar og reikna út þyngdarhlutföll og rúmmálshlutföll. Þeir skulu og læra um eðli efna og efnabreytingar. Kennslan skal styðjast við tilraunir, er nemendur hafi séð eða sjálfir gert, eftir því sem við verður komið.

II. Eðlisfræði: Nemendur skulu læra ágríp af varmafræði og rafmagnsfræði og gera einfaldar mælingar. Þeir skulu og fá fræðslu um helztu aflvélar og rafmagnsvélar.

b. Í stærðfræðideild: Nemendur skulu öðlast nokkra þekkingu á lögmálum náttúrunnar, þýðingu náttúruvísindanna fyrir menningu nútímans og fá æfingu í starfsháttum exakt náttúruvísinda. Nýjungar í eðlisfræði skulu teknar til meðferðar eftir því, sem hentugt kann að þykja.

I. Efnafræði: Nemendur skulu læra um helztu frumefni og merkustu sambönd þeirra. Skulu einkum teknar til meðferðar efnabreytingar og sambönd, er hafa hagnýtt gildi eða henta þykja til æfinga og aukins skilnings á kemískum lögmálum (theoretískri efnafræði).

II. Eðlisfræði: Nemendur skulu læra allýtarleg ágríp af mekanískri eðlisfræði, varmafræði, ljósfræði og rafmagnsfræði. Skal kennslan öll styðjast við tilraunir, eftir því, sem við verður komið, enda sé og nokkrum hluta kennslutímans varið til verklegra æfinga og mælinga, er nemendur geri sjálfir með leiðsögn kennara.

11. Stærðfræði:

a. Í máladeild: Nemendur skulu læra notkun stærðfræði og æfast í exakt hugsun. Skal fyrst fara rækilega yfir undirstöðuatriði námsefnis gagnfræðadeildar. Síðan skulu nemendur læra algebru, nokkur undirstöðuatriði hornafræði og ágríp af hagnýtri stærðfræði.

b. Í stærðfræðideild: Nemendur skulu læra rækilega um rellar tölur, föll og einfaldar rúmmyndir og fá leikni í talnareikningi og meðferð stærðfræðilegra formúlna.

Farið skal rækilega yfir undirstöðuatriði námsefnis gagnfræðadeildar. Síðan skulu nemendur læra algebru og geometríu og allýtarleg ágríp af hornafræði, analytískri geometríu og differential- og integralreikningi.

- 3 12. **Stjörnufræði:** Nemendur skulu læra um stjörnuhimininn og hreyfingu himinnatta og fá nokkra fræðslu um eðli þeirra og ástand. Þeir skulu og kynnst merkustu mælingaraðferðum og mælitækjum stjörnufræðinnar.
8. febr. 13. **Bókfærsla:** Í máladeild og stærðfræðideild: Nemendur skulu læra um algengustu viðskipti og reikningsfærslur verzlana og kynnst algengustu hagfræðihugtökum. Þeir skulu læra tvöfalt bókfærslukerfi og fá leikni í að færa í dálkabók bæði algeng viðskipti og byrjunar- og lokafærslur og kunna að gera yfirlit um efnahag, tap og gróða. Ennfremur skulu þeir kynnst helztu bókum einfaldrar bókfærslu og vita í höfuðdráttum, hvernig reikningar eru gerðir.
14. **Teiknun:** Í máladeild og stærðfræðideild: Nemendur skulu læra að teikna flatarmyndir og margflötunga og öðlast hugmynd um rúmsæi (perspektív) í sambandi við það. Ennfremur skulu þeir læra um meðferð lita, samsetningu þeirra, samband og áhrif, svo og gerð (komposition) mynda og helztu lögmál um línur og fleti.
15. **Leikfimi:** Í máladeild og stærðfræðideild: Nemendur skulu iðka líkamsæfingar eftir visindalegu kerfi, svo og íþróttir og leiki, eftir aldri þeirra og þroska. Skal leggja áherzlu á, að halda við og efla líkamsþroska nemenda, vinna á móti óhollum vanastellingum, herða skap og vilja, fegra limaburð og fas og vekja áhuga og skilning á líkamsrækt og hreinlæti.
- Allir nemendur skulu læra sund, og skal árlega halda sundnámskeið í fyrstu bekkjum lærdómsdeildar, er eigi séu skemmri en 1 vika.
- Gæta skal þess, þá er stundaskrá er samin, að fimleikastundum sé komið fyrir á svo hentugan hátt sem unnt er.
16. **Söngur:** Í máladeild og stærðfræðideild: Nemendur skulu læra helztu undirstöðuatriði söngfræðinnar. Þeir skulu og æfðir, eftir því sem þeir hafa hæfileika til, bæði í einrödduðum og margrödduðum söng.
- Heimilt er yfirstjórn skólans að fella niður kennslu í frönsku eða þýzku í stærðfræðideild, enda sé þá aukin kennsla í öðrum málum og tekin upp kennsla í teiknun og smíðum.

VIII. KAFLI

Um próf í lærdómsdeild.

28. gr.

Árspróf skal halda að afloknu námi 1., 2. og 3. bekkjar og burtfararpróf, er nefnist stúdentspróf, að loknu námi 4. bekkjar.

Lokapróf í þeim námsgreinum, sem ekki eru kenndar í efsta bekk hvorrar deildar, teljast þó til stúdentsprófs, enda séu þau háð sömu reglum og eftirliti, og skulu þau haldin eins og hér segir:

- a. Í máladeild: Í trúarbrögðum, bókfærslu og teiknun upp úr 1. bekk, í dönsku og eðlisfræði upp úr 2. bekk, en í stærðfræði upp úr 3. bekk.

- b. Í stærðfræðideild: Í trúarbrögðum, bókfærslu og teiknun upp úr 1. bekk, **3**
í dönsku, ensku og latínu upp úr 2. bekk og sögu upp úr 3. bekk. 8. febr.

I. Árspróf.

29. gr.

Ársprófið skal sýna, hvort nemandi hafi öðlazzt þá þekkingu og þroska, að honum sé fært að halda áfram námi í deildinni.

30. gr.

Þá, sem staðizt hafa árspróf bekkjar, má flytja upp í næsta bekk. Skólastjórn getur synjað nemanda um uppflutning, ef vist hans í skólanum er talin skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus honum sjálfum.

Nú standast fleiri nemendur árspróf en sitja mega í bekknum, og skal þá prófseinkunn ráða, sbr. þó fyrri málsgr. þessarar gr.

Nú hefir nemandi setið 2 ár í sama bekk og stenztt ekki árspróf bekkjarins. Skal honum þá ekki leyfð vist í skólanum lengur.

31. gr.

Árspróf er munnlegt eða skriflegt (verklegt).

Skólastjórn getur ákveðið, að í stað munnlegs prófs komi skriflegt próf í tilteknum greinum eða öllum.

32. gr.

Einkunnir í þeim greinum, þar sem ársprófið telst stúdentsspróf, skulu einnig taldar til fullnaðareinkunnar við árspróf. Einkunnir í trúarbrögðum, bókfærslu og teiknun skulu eigi hafa áhrif á fullnaðareinkunn við stúdentsspróf. Yfirstjórn skólans getur og ákveðið, að sama regla skuli gilda um leikfimi.

33. gr.

Til þess að standast árspróf, þarf fullnaðareinkunnina 5,00 eða meira.

II. Stúdentsspróf.

34. gr.

Stúdentsspróf er lokapróf lærdómsdeildar.

Skal það sýna, hvort nemandi hafi öðlazzt þá þekkingu, er reglugerð skólans gerir ráð fyrir, og hlotið þann þroska, sem útheimtist til þess, að stunda nám við háskóla eða aðrar æðri menntastofnanir.

35. gr.

Rétt til þess að ganga undir stúdentsspróf hafa þeir, er staðizt hafa gagnfræðapróf við menntaskóla. Yfirstjórn skólans getur heimilað öðrum að ganga undir stúdentsspróf, enda hafi þeir hlotið gagnfræðamenntun, er talizt geti jafngóð og í gagnfræðadeildum menntaskólanna.

- 3 Liða skulu 4 ár milli gagnfræðaprófs og stúdentsprófs. Þó getur skólastjórn
8. febr. leyft nemanda að ganga undir stúdentspróf eftir styttri eða lengri tíma, ef sér-
staklega stendur á.

36. gr.

Stúdentspróf er munnlegt og skriflegt (verklegt).

Prófa skal bæði munnlega og skriflega (verklega) í islenzku, dönsku, ensku, þýzku og latínu í máladeild, en í islenzku, dönsku, stærðfræði og eðlisfræði í stærðfræðideild.

Skriflega prófið skal vera:

í islenzku: ritgerð, nemendur skulu fá að velja á milli eigi færri en þriggja verkefna,

í dönsku: þýðing úr islenzku á dönsku og ritgerð á dönsku,

í ensku: still eða (og) ritgerð,

í þýzku: still eða (og) ritgerð,

í latínu: þýðing á latneskum texta á islenzku,

í eðlisfræði og efnafræði: verkefni úr eðlis- og efnafræði, og

í stærðfræði: verkefni úr ólesinni stærðfræði.

Skólastjórn getur með samþykki yfirstjórnar skólans látið skriflegar úr-
lausnir koma í stað munnlegs prófs í einstökum greinum.

37. gr.

Skylt er hverjum nemanda að ljúka stúdentsprófi í öllum þeim greinum, sem kenndar eru í lærdómsdeild, nema í söng. Þó getur skólastjórn veitt nemanda undanþágu frá prófi í leikfimi eða teiknun, ef gildar ástæður eru til. Kennari getur leyft innanskólanemendum að sleppa til prófs nokkru af náms-
efninu, einkum því, sem þeir hafa lokið ársprófi í. Nánari reglur um þetta setur skólastjórn.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði um próf.

38. gr.

Miða skal próf við námstilhögun og kröfur í hverri grein, og skal það sýna, hvort nemandi hafi náð því marki, sem keppt er að. Í málum og stærðfræði má prófa í ólesnu efni við munnleg próf eða skrifleg, er koma í þeirra stað, enda sé efnið valið í samræmi við það, sem lesið hefir verið.

39. gr.

Próf skulu haldin á vorin eins og hér segir:

Inntökupróf í gagnfræðadeild í maí,

árspróf seinni hluta maí og

gagnfræða- og stúdentspróf fyrri hluta júní.

40. gr.

3

Nú getur nemandi ekki gengið undir próf sakir veikinda eða annara gildra forfalla, og getur þá skólastjórn leyft honum að ljúka prófi í öllum eða tilteknum greinum í byrjun næsta skólaárs, enda liggja fyrir umsókn þess efnis, er komi rektor í hendur í tæka tíð.

8. febr.

41. gr.

Skólastjórn getur flutt nemendur með háa árseinkunn upp úr bekk próflaust. Hún getur og ákveðið að fella niður árspróf í tilteknum greinum, enda sé það ekki tilkynnt fyrri en komið er að prófi.

42. gr.

Umsóknir um leyfi til þess að ganga undir próf skólans, skulu komnar til rektors eins og hér segir:

Umsóknir um inntökupróf í gagnfræðadeild fyrir 15. apríl.

Umsóknir um árspróf, gagnfræða- og stúdentspróf fyrir 1. maí.

Nemendur skólans þurfa ekki að senda slíkar umsóknir.

43. gr.

Utanskólanemandi, er ætlar sér að ganga undir próf í skólanum, skal sjálfur (eða forráðamaður hans) senda rektor umsókn þess efnis, samkv. 42. gr. Umsókninni skal fylgja greinileg skýrsla um, hvað nemandi hefir lesið, í hvaða skóla eða hjá hvaða kennara hann hefir stundað nám. Auk þess skal fylgja skirnarvottorð og bólusetningarvottorð.

44. gr.

Kennarar skólans prófa hver í sinni grein.

Prófdómara alla við gagnfræða- og stúdentspróf skipar yfirstjórn skólans í samráði við rektor, en við önnur próf útnefni rektor í samráði við kennara skólans prófdómara úr hópi kennara. Einn prófdómari skal vera í hverri námsgrein.

Prófdómarar við gagnfræða- og stúdentspróf skulu velja skrifleg prófverkefni í hverri grein í samráði við kennara skólans og afhenda þau síðan rektor í tæka tíð fyrir próf.

Að loknu skriflegu prófi í hverri grein tekur kennarinn við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir; síðan afhendir hann prófdómara, og er hann hefir lesið þær, koma þeir sér saman um einkunnir.

45. gr.

Öllum er heimilt að hlusta á munnleg próf skólans, enda trúfli áheyrendur á engan hátt prófið.

46. gr.

Allir þeir, er ganga undir inntökupróf, gagnfræða- og stúdentspróf, skulu greiða prófgjald, er yfirstjórn skólans ákveður, sem rennur í sérstakan sjóð,

3 er nefnist Skólasjóður. Um Skólasjóð skal setja skipulagsskrá, er yfirstjórn skólans samþykkir.

47. gr.

Við skriflegt próf má nota þau hjálpargögn ein, er skólastjórn leyfir. — Nemendur, sem staðnir eru að því, að nota óleyfileg hjálpargögn eða veita eða þiggja hjálp við próf, skulu hafa fyrirgert rétti til þess að ljúka prófi í það sinn. Skal rektor minna nemendur á þessi ákvæði, áður en skriflegu prófin byrja.

48. gr.

Við skrifleg próf sér skólinn um eftirlit með nemendum. Við inntökupróf og árspróf skal einn maður hafa gæzlu í hverri kennslustofu, en við gagnfræða- og stúdentspróf tveir, annar tilnefndur af rektor, en hinn skipaður af yfirstjórn skólans.

49. gr.

Við skrifleg próf skal ætla hverri námsgrein tíma, eins og hér segir:
Við inntökupróf allt að tveimur stundum.

Við árspróf öll 2 stundir. Þó má ætla stílum og skriflegri stærðfræði 3 stundir, en verklegri eðlisfræði 4 stundir.

Við gagnfræðapróf 3 stundir, nema íslenzku og stærðfræði 4 stundir.

Við stúdentspróf 3—4 stundir.

50. gr.

Við inntökupróf og árspróf má hafa tvö skrifleg próf á dag, en við gagnfræða- og stúdentspróf 1—2.

51. gr.

Nemendur þeir, er lokið hafa gagnfræða- eða stúdentsprófi, skulu fá vottorð, er sýni einkunnir þeirra í einstökum greinum, svo og fullnaðareinkunn. Nemendur, er hverfa úr skólanum, án þess að ljúka fullnaðarprófi, eiga rétt á að fá vottorð, er sýni einkunnir þeirra við síðasta árspróf, sem þeir hafa lokið í skólanum, eða síðustu námseinkunn.

X. KAFLI

Um einkunnagjafir og einkunnir.

52. gr.

Kennarar skólans skulu gefa nemendum einkunnir, hver í sinni grein, ekki sjaldnar en tvisvar á ári, að jafnaði í desember og marz. Einkunnir þessar nefnast námseinkunnir, og eru þær bráðabirgðadómur kennara um kunnáttu nemenda og framfarir. Skulu þær birtar nemendum og forráðamönnum þeirra til leiðbeiningar. Á sama hátt skulu kennarar gefa nemendum einkunnir í lok kennslunnar ár hvert. Nefnast þær árseinkunnir og eru úrslitadómur kennara

um kunnáttu nemenda og afköst við námið á kennslutímanum. Nú fullnægja **3** ekki árseinkunnir nemanda þeim skilyrðum, sem sett eru um uppflutning úr **8. febr.** bekk, og skal honum þá óheimilt að ganga undir árspróf á því ári, nema leyfi yfirstjórnar skólans komi til.

53. gr.

Námseinkunnir og árseinkunnir skal gefa í öllum þeim greinum, sem kenndar eru í skólanum, nema söng. Þó skal nemandi, sem er undanþeginn námi í teiknun eða leikfimi (sbr. 37. gr.), ekki fá einkunn í þessum greinum.

Námseinkunnir og prófseinkunnir skulu vera tvöfaldar í sömu greinum og við árspróf eða burtfararpróf (sbr. 54. gr.).

54. gr.

Prófseinkunnir eru sameiginlegur dómur kennara og prófdómara í hverri grein um úrlausnir nemenda á verkefnum við árspróf eða burtfararpróf, og skal gefa þær í öllum þeim greinum, sem prófað er í.

Tvær einkunnir, aðra fyrir munnlega frammistöðu eða skriflega úrlausn á lesnu efni, en hina fyrir skriflega úrlausn á ólesnu efni, skal gefa í þeim námsgreinum, er hér segir:

- a. við inntökuþróf í íslenzku og reikningi,
- b. við árspróf í gagnfræðadeild og við gagnfræðapróf: í íslenzku,
- c. við árspróf og stúdentspróf máladeildar: í íslenzku og ensku,
- d. við árspróf og stúdentspróf stærðfræðideildar: í íslenzku, eðlisfræði og stærðfræði.

Í öðrum greinum skal gefa eina einkunn. Þar, sem kennsla í þeim er bæði munnleg og skrifleg, skal taka tillit til hvorstveggja við einkunnagjöfina.

55. gr.

Í gagnfræðadeild skal gefa árseinkunn og prófseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum. Árseinkunn þessa gefa kennarar sameiginlega, en prófs-einkunnina kennarar og prófdómarar í sameiningu, eftir nánari reglum, er skólastjórn setur.

Kennarar skulu og í sameiningu gefa nemendum öllum á ári hverju einkunnir fyrir hegðun og stundvísi, eftir reglum, er skólastjórn setur, og má þar ákveða, að einkunnir þessar komi til greina við uppflutning nemenda úr bekk, sbr. 30. gr.

56. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum frá 1 til 10, heilum tölum og fimmtu þörtum. Tíundu partar geta komið fram sem prófseinkunn við samanburð á einkunnum prófdómara og kennara. Gefa skal og einkunnina 0 fyrir afleita frammistöðu, enda fellir hún, sbr. 58. gr.

57. gr.

Fullnaðareinkunn skólanemenda er meðaltalið af meðalárseinkunn og meðalprófseinkunn þeirra, og skal finna hana þannig, að tekið sé fyrst meðaltal árs-

3 einkunna og meðaltal prófseinkunna og síðan meðaltal þeirra meðaltala. Meðaltöl þessi skal reikna með 2 aukastöfum (decimölum).

Nú fellur niður próf í tilteknum greinum, sbr. 41. gr., og skal þá árseinkunn nemenda í þeim greinum einnig talin sem prófseinkunn.

Fullnaðareinkunn utanskólanemenda og nemenda við inntökupróf er meðaltal prófseinkunna þeirra, reiknuð með 2 aukastöfum.

58. gr.

Til þess að nemandi standist próf, má fullnaðareinkunn hans ekki vera lægri en 5,00. Þó stenzst enginn próf, er fengið hefir 0 í einni grein (né 1 í fleiri greinum en einni).

Fullnaðareinkunnirnar 5,00— 5,99 teljast þriðja einkunn.

— 6,00— 7,24 — önnur einkunn.

— 7,25— 8,99 — fyrsta einkunn.

— 9,00—10,00 — ágætiseinkunn.

Skólastjórn setur nánari fyrirmæli um það, hvernig beita skuli einkunnastiga þessum, og má þar kveða á um lágmarkskröfur til kunnáttu í einstökum námsgreinum eða setja reglur um, að léleg kunnátta í fleiri en einni grein skuli teljast ófullnægjandi, á líkan hátt og afleit kunnátta í einni, samkv. 1. málsgr. þessarar greinar.

59. gr.

Rita skal námseinkunnir, árseinkunnir og prófseinkunnir allar í löggilta einkunnabók, svo og meðaltöl þeirra og fullnaðareinkunn. Á sama hátt skal rita einkunnir á prófskírteini þau, er nemendur fá við burtfararpróf.

XI. KAFLI

Um stjórn skólans, skyldur rektors, kennara og annara starfsmanna og um kennarafundi.

60. gr.

Yfirstjórn skólans hefir kennslumálaráðuneytið.

Rektor og fastir kennarar skólans hafa með höndum stjórn hans, eftir því sem yfirstjórn skólans ákveður, enda geta þeir skotið til yfirstjórnar þeim málum, er þeir óska.

61. gr.

Við skólann starfa 12 fastir kennarar, og er einn þeirra jafnframt rektor, auk þess aukakennarar þeir og stundakennarar, sem þörf er á. Fasta kennara skipar konungur, eftir tillögum kennslumálaráðherra, enda sé um skipunina leitað umsagnar rektors. Aukakennara og dyravörð ræður yfirstjórn skólans, að fengnum tillögum rektors. Annað starfsfólk ræður rektor.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa fullnaðarprófi

við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í greinum þeim, er þeir eiga að kenna. **3**
 Yfirstjórnin getur og ákveðið, að kennaraefni skuli hafa numið uppeldisfræði **3**
 og fengið æfingu í kennslu. 8. febr.

Þessi ákvæði ná þó ekki til þeirra, er nú kenna við skólann.

Fastir kennarar verða yfirkennarar, er þeir hafa kennt við skólann í 16 ár.

62. gr.

Kennari skal við starf sitt leitast við að vera nemendum sínum til fyrirmyndar og brýna fyrir þeim hæversku og þrúðmannlega framkomu í skóla og utan.

63. gr.

Rektor skal kenna 8 stundir á viku hverri, yfirkennarar 22 stundir og aðrir fastir kennarar 24. Kennarar, sem mikla heimavinnu hafa í skólans þágu, skulu fá 3—5 stunda frádrátt fyrir aukastörf sín.

Yfirkennarar, er komnir eru yfir sextugt, skulu hafa 20 stunda kennslu á viku hverri.

64. gr.

Stjórn skólans getur falið kennurum í eðlisfræði, landafræði og náttúrufræði að hafa umsjón með söfnum skólans, og má fækka við þá kennslustundum í samræmi við þessi aukastörf samkv. 63. gr.

65. gr.

Skylt er kennurum að fylgjast rækilega með framförum nemenda og ástundun við námið. Í því skyni skulu hafðar prófæfingar, skriflegar eða munnlegar, þegar þurfa þykir, þó eigi oft en einu sinni í mánuði.

66. gr.

Hverjum kennara er skylt að hafa umsjón með einum bekk skólans, eftir því sem skólastjórn ákveður í byrjun hvers skólaárs.

Umsjónarkennari skal, eftir föngum, kynna sér hagi nemenda og fylgjast sem bezt með framförum þeirra, hegðun og ástundun, enda skal hann gefa skólastjórn skýrslu um það, þá er óskað er. Telji hann einhvern nemanda sýna vanrækslu í þessum efnum, skal hann tilkynna rektor það.

67. gr.

Skylt er kennurum að sækja kennarafundi að forfallalausum, enda séu þeir boðaðir þeim í tæka tíð.

68. gr.

Rektor hefir yfirumsjón með starfi og rekstri skólans, húsum hans og munum, og fer með fjárreiður hans allar. Hann skal, eftir föngum, hafa eftirlit með því, að kennarar og aðrir starfsmenn skólans ræki skyldu sína. Skylt er honum og að geyma og ávaxta sjóði skólans og nemenda. Um endurskoðun sér yfirstjórn skólans.

3

8. febr.

Rektor skal, með aðstoð kennaranna, fylgjast sem bezt með framförum, hegðun og iðni nemendanna og, eftir því sem unnt er, kynna sér hagi einstakra nemenda, gáfur þeirra og skapferli.

Skýlt er honum að gefa skýrslu um framfarir og hegðun nemenda, þegar forráðamenn óska þess. Svo ber honum og að tilkynna forráðamanni, ef nemandi vanrækir námið og brýtur settar reglur og skipast ekki við áminningar frá skólans hálfu. Ásamt skólalækni og leikfimiskennara skal rektor hafa eftirlit með heilsufari og líkamsþroska nemendanna og gæta þess, að heilsu þeirra sé ekki ofboðið í skólanum.

70. gr.

Rektor kallar saman kennarafundi, þegar þurfa þykir, og stýrir þeim.

71. gr.

Einn hinna föstu kennara skal hafa á hendi bókavörzlu fyrir skólann, og ákveður rektor, í samráði við yfirstjórn skólans, hæfilega þóknun fyrir það.

72. gr.

Skólalækni skipar yfirstjórn skólans til 5 ára í senn, og ákveður hún þóknun fyrir starfann. Skólalæknir skal, ásamt rektor og leikfimiskennara, hafa eftirlit með heilbrigði nemenda, og ber honum í því skyni:

1. að veita fátækum nemendum ókeypis læknishjálp,
2. að skoða alla nemendur skólans eigi sjaldnar en einu sinni á vetri og
3. að veita rektor og leikfimiskennara skólans aðstoð og ráð, eftir því sem með þarf, um heilsufar nemenda og hollustuhætti í skólanum.

73. gr.

Rétt til þess að sitja kennarafund hafa allir kennarar skólans, svo og skólalæknir. Aukakennurum og stundakennurum er og skýlt að sækja fundi, ef skólastjórn óskar, en atkvæðisrétt eiga þeir aðeins um þau mál, er varða þá sérstaklega eða störf þeirra.

Skólastjórn heldur gerðabók (kennarafundarbók), þar sem skýrt er frá málum þeim, er lögð eru fyrir kennarafund, svo og samþykktir fundarins. Í sérstaka bók, er skólastjórn heldur, skulu og skráðar reglur þær um störf skólans, sem ekki er kveðið á um í reglugerð.

Rektor sér um, að samþykktir kennarafundar komist í framkvæmd.

Rektor undirbýr mál undir kennarafund. Þó getur hver kennari borið fram mál á fundinum.

74. gr.

Til úrskurðar kennarafundar koma ýms þau mál, er snerta daglega stjórn skólans og hag hans, svo sem einkunnagjafir og uppflutning nemenda, umsóknir, aðrar en um skólavist, refsingar, styrkveitingar, leyfi o. þ. u. l.

Stjórn skólans kemur og saman, þá er þurfa þykir, til þess að ræða um og fá yfirlit yfir framfarir nemenda og hegðun þeirra.

Í byrjun hvers skólaárs skal og skólastjórn ræða og taka ákvörðun um, ³
 hvernig samræma megi kennsluna, svo að takast megi sem mest samvinna milli ^{8. febr.}
 skyldra greina. Á sama hátt skal leitast við að ná samræmi milli einkunnagjafa
 í einstökum námsgreinum.

XII. KAFLI

Um skólatíma, leyfi o. fl.

75. gr.

Skólaárið byrjar 20. september og endar 16. júní.

76. gr.

Þessi skulu vera leyfi ákveðin:

1. Afmælisdagur konungs.
2. Fyrsti desember.
3. Jólaleyfi, frá 22. desember til 3. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum.
4. Öskudagur.
5. Páskaleyfi, frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
6. Sumardagurinn fyrsti.
7. 1. maí.
8. Hvítasunnuleyfi, frá laugardegi fyrir til þriðjudags eftir hvítasunnu, að báðum þeim dögum meðtöldum.

Auk þess getur skólastjórn fellt niður kennslu allt að einum degi í senn, þegar sérstaklega stendur á.

77. gr.

Á laugardögum skal kennslu lokið um hádegi.

Eftir því sem unnt er, skal haga svo til, að undirbúningur undir mánudaginn sé minni en undir aðra daga.

XIII. KAFLI

Um nemendur skólans.

78. gr.

Nemendur skulu temja sér prúðmannlega framkomu í skólanum og utan hans, sýna rektor og kennurum hlýðni, og rækja nám sitt með alúð og stundvisi.

79. gr.

Nemendur, sem geta ekki sótt skólann sökum veikinda eða annara gildra ástæðna, skulu tilkynna rektor eða umsjónarkennara forföll og grennslast þeir eftir ástæðum, ef þörf þykir.

Nú sýkist nemandi næmum sjúkdómi eða einhver á heimili hans. Skal þá tafarlaust tilkynna það rektor eða umsjónarkennara, og má nemandinn ekki sækja skólann fyrri en rektor leyfir.

3

8. febr.

80. gr.
Valdi nemandi skemmdum á eignum skólans, ber honum að bæta fullum bótum. Ef fullvíst er, að slíkar skemmdir hafi orðið af völdum nemanda í tilteknum bekk og enginn gengst við, skulu nemendur þess bekkjar bæta allir í félagi.

81. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum, eftir fyrirmælum skólastjórnar.

XIV. KAFLI

Um aga og reglu.

82. gr.

Agi skólans skal miða að því, að skapa frið um starf hans og ala upp hjá nemendum starfsemi, hófsemi og þrúðmannlega framkomu.

Nú gerist nemandi brotlegur við reglugerð skólans og starfsreglur. Skulu þá kennarar vanda um við hann eða tilkynna skólastjórn, eftir stærð brotsins. Skipist nemandi ekki við áminningu kennara eða rektors eða hafi sýnt ósæmlega framkomu, skal honum vikið úr skóla til fulls eða um stundarsakir, enda hafi forráðamanni nemandans verið tilkynnt það í tæka tíð.

Þó getur brot nemanda verið þannig vaxið, að vísa megi honum burt tafar- og skilyrðislaust.

XV. KAFLI

Ákvæði um, hvenær reglugerð þessi gengur í gildi, o. fl.

83. gr.

Reglugerð þessi gengur þegar í gildi. Þó skulu ákvæði eldri reglugerða um námsefni og námstilhögun gilda fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólann.

Að öðru leyti en segir í 1. málsg. eru hér með úr gildi numdar:

Bráðabirgðareglugerð fyrir Hinn almenna Menntaskóla í Reykjavík 9. sept. 1904, prófreglugerð fyrir gagnfræðadeild Hins alm. Menntaskóla 18. apríl 1907, reglugerð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild Hins alm. Menntaskóla 13. marz 1908, prófreglugerð fyrir lærdómsdeild Hins alm. Menntaskóla 20. maí 1910, breyting á prófreglugerð fyrir lærdómsdeild Hins alm. Menntaskóla 5. apríl 1923 og síðari breytingar á þessum reglugerðum.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 8. febrúar 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.